



Eftirfylgni úttektar á búsetuúrræðum Vinakots

Desember 2021

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar framkvæmdi úttekt á búsetuúrræðum Vinakots á árinu 2019. Í úttektarskýrslu frá nóvember 2019 beindi stofnunin því til eigenda og stjórnenda Vinakots ehf. að huga að eftirfarandi þáttum er lúta að þjónustu við börn/ungmennni í búsetuúrræðum Vinakots:

- Mönnun/Stjórnun: Aðgerðir til að auka stöðugleika í mannhaldi.
- Sjálfsmat: Vinakot hugi að innleiðingu sjálfsmats til að leggja mat á eigin frammistöðu.
- Fræðsla og fagleg þjálfun: Aukin áhersla verði lögð á þjálfun/fræðslu starfsmanna Vinakots.

Eftirfylgni úttektar á búsetuúrræði Vinakots fór fram í nóvember 2021 með eftirfylgniviðtali við stjórnendur Vinakots, vettvangsathugun í öll búsetuúrræði Vinakots sem og greiningu umbeðinna gagna um starfsemi Vinakots. Hér verður gerð grein því sem fram kom við eftirfylgni úttektar varðandi ofangreinda þætti sem bent var á í úttektarskýrslunni.

Mönnun/Stjórnun: Aðgerðir til að auka stöðugleika í mannhaldi

Þegar eftirfylgni úttektar fór fram störfuðu 59 starfsmenn hjá Vinakoti í 48 stöðugildum. Fjöldi starfsmanna í 80-100% starfshlutfalli er 45 og 14 í 30-70% starfshlutfalli. Meðalstarfsaldur er 2,5 ár, ef frá er talinn framkvæmdastjórinn sem hefur starfað hjá félaginu í 16 ár. Stjórnendur Vinakots sögðu stuttan starfsaldur starfsfólks Vinakots mega rekja til tveggja þátta. Annars vegar var um að ræða miklar skipulagsbreytingar í mönnun og menningu starfseminnar undanfarin ár til að efla samstöðu í starfsmannahópnum, sem var m.a. byggt á úrbótatillögum í kjölfar starfsánægjukönnunar frá Hagvangi. Hins vegar má rekja stuttan starfsaldur ráðgjafa til opunar nýs búsetuúrræðis sem kallaði á ráðningu nýs starfsfólks.

Í úttektarskýrslunni frá nóvember 2019 komu fram þær upplýsingar frá Vinakoti að ákvörðun hafi verið tekin um að ráða ekki yngri starfsmenn en 25 ára. Við eftirfylgni úttektar kom fram að meðalaldur ráðgjafa í búsetuúrræðum Vinakots er 28 ár. Af 45 ráðgjöfum í búsetuúrræðum eru 14 starfsmenn undir 25 ára aldri, þ.e. tæpur þriðjungur allra ráðgjafa, og hafa níu þeirra hafið störf á undanförunum tveimur árum. Varðandi lágan aldur ráðgjafa í búsetuúrræðum sögðu stjórnendur marga þeirra hafa lokið eða vera í háskólanámi sem nýtist í starfi, m.a. sálfræði og félagsráðgjöf. Einnig væru sumir þessara ráðgjafa lykilstarfsmenn sem væru nauðsynlegar fyrirmyndir fyrir þá einstaklinga sem þeir starfa með. Sérstaklega séu þau sem sækja hvíldardvöl í þörf fyrir ungar, virkar og flottar fyrirmyndir. Um sé að ræða íþróttamenn með reynslu úr íþróttastarfi með börnum eða í starfi með ungmennum í félagsmiðstöðvum.

Sjálfsmat: Vinakot hugi að innleiðingu sjálfsmats til að leggja mat á eigin frammistöðu

Samkvæmt upplýsingum frá Vinakoti var starfsánægjukönnun framkvæmd af Hagvangi árið 2019 og er áætlað að framkvæma sambærilega könnun innan skamms. Einnig er stefnt að því að fara í frekari gæðaþróunarvinnu sem gæti nýst stjórnendum. Þá er stefnt að því að framkvæma SVOT greiningu í byrjun árs 2022. Sem liður í innra eftirliti Vinakots tók sálfræðingur hjá SÓL viðtal við alla skjólstæðinga Vinakots í upphafi árs 2021 og fékk Gæða- og eftirlitsstofnun úttektarskýrsluna afhenta. Var þetta í annað skipti sem slík úttekt hefur farið fram hjá Vinakoti.



Fræðsla og fagleg þjálfun: Aukin áhersla verði lögð á þjálfun/fræðslu starfsmanna Vinakots

Hjá Vinakoti starfa atferlisfræðingur, einstaklings- og fjölskylduráðgjafi, deildarstjórar með háskólamenntun og mikið af ráðgjöfum með háskólamenntun eða í háskólanámi, að sögn stjórnenda Vinakots. Fleiri ráðgjafar með háskólamenntun hafi verið ráðnir inn í kjölfar opunar nýs úrræðis, þar sem viðkomandi skjólstæðingur þurfti á því að halda.

Undanfarið ár hefur atferlisfræðingur verið í fullu starfi hjá Vinakoti sem sér um gerð athafnasamninga sem unnið er eftir í starfinu. Með athafnasamningum vinna skjólstæðingar daglega að ákveðnum markmiðum og fá umbun fyrir. Þeir eru einstaklingsmiðaðir og unnir með skjólstæðingum og deildarstjóra hvers úrræðis. Með tilkomu nýrra athafnasamninga hefur atvikum fækkað til muna og starfshópurinn verið samstilltari, að sögn stjórnenda Vinakots. Stefnt er að því að taka til notkunar hugbúnað til atferliþjálfunar í sínum eða spjaldtölvum, sem kemur í stað athafnasamninganna, en slíkt atferliskerfi er m.a. notað á BUGL. Skjólstæðingarnir fá virka endurgjöf á nokkurra klukkutíma fresti á því atferli sem fylgst er með og þeir vinna sér inn stig sem hægt er að leysa út, t.d. pening fyrir fötum eða tölvuleik.

Við eftirfylgni úttekta var óskað eftir fræðsluáætlun Vinakots. Allt starfsfólk Vinakots hefur fengið fræðslu frá BUGL varðandi tengslaröskun og í apríl 2021 fór fram námskeið um framheilaskaða. Starfsfólki er skylt að mæta á eftirfarandi námskeið sem haldin eru reglulega: nýliðafræðsla, sjálfsvarnarnámskeið, skyndihjálparnámskeið, tengslamyndandi nálgun, atferlismótun með jákvæðri styrkingu og áfallastreituröskun ungmenna. Önnur námskeið á fræðsluáætlun Vinakots eru m.a. námskeið í kvíða og lyndisröskunum barna, ART réttindanámskeið og námskeið um kjörþögla börn. Þá er handleiðsla haldin á tveggja vikna fresti fyrir starfsfólk sem vinnur við þyngstu úrræðin, en að öðru leyti er veitt handleiðsla eftir þörfum. Þegar einstaklingar flytja inn fer fram fræðsla um einstaklinginn og hans sögu sem og almenn fræðsla um það sem á við hverju sinni, t.d. einhverfu, PTSD, núvitund eða meðvirkni. Handbækur eru á öllum heimilum um hvern einstakling sem og um Vinakot.

Niðurstaða eftirfylgni úttekta

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar hvetur áfram til þess að stuðlað sé að stöðugleika í starfsmannahaldi til hagsbóta fyrir börn og ungmenni í þjónustu Vinakots. Þá er áfram hvatt til þess að fjölga hlutfalli starfsfólks yfir 25 ára aldri þar sem mikilvægt er að það starfsfólk sem kemur að vinnu með þessum viðkvæma hópi hafi bæði þroska og reynslu. Þá leggur stofnunin til að við innri úttektir á gæðum þjónustu Vinakots verði í framtíðinni notast við Gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk.

Hefur Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar með framangreindum athugasemdum og ábendingum lokið eftirfylgni úttekta á búsetuúrræðum Vinakots. Stofnunin gerir ráð fyrir að farið verði vel yfir þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við eftirfylgni úttekta og tekið verði fullt tillit til þeirra við starfsemi Vinakots í framtíðinni.